

Nd.

619. Frumvarp

til laga um vitabyggingar.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Landsstjórninni er heimilt að láta framkvæma, eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa, byggingu vita þeirra og þokulúðrastöðva, sem 2. gr. ákveður.

Þá er og landsstjórninni heimilt að setja upp sjómerki á landi og sjó þar sem þörf gerist og hentugt þykir.

Bygging vitanna framkvæmist eftir röð, er landsstjórninni með ráðum vitamálastjóra þykir rjett, og að fengnum tillögum stjórnar Fiskifjelags Íslands og stjórnar Eimskipafjelags Íslands.

Einnig er landsstjórninni heimilt að framkvæma þær breytingar og endurbætur á vitum þeim, er þegar eru byggðir, sem reynsla sýnir að nauðsynlegar sjeu.

2. gr.

Vitar þeir, er landsstjórninni heimilast að byggja, eru þeir er hjer greinir:

A. Stærri vitar.

1. Hafnareyjarviti við Flatey á Breiðafirði.
2. Svalvogaviti á nesinu milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar.
3. Gjöggraviti við Reykjarfjörð í Strandasýslu.
4. Heggstaðanessviti við Húnaflóa.
5. Vatnsnessviti á Vatnsnesi við Húnaflóa.
6. Hegrannessviti í Skagafirði.
7. Hríseyjarviti í Eyjafirði.
8. Grímseyjarviti í Grímsey.
9. Tjörnessviti á Tjörnesi.
10. Rauðagnúpsviti á Melrakkasljettu.
11. Höfðaviti hjá Raufarhöfn.
12. Grenjanessviti á Langanesi.
13. Svínalækjartangaviti á Langanesi.
14. Kolbeinstangaviti í Vopnafirði.
15. Skipahólmsviti í Vopnafirði.
16. Glettinganessviti milli Borgarfj. og Loðmundarfjarðar.
17. Seleyjarviti við Reyðarfjörð.
18. Kambanesviti við Stöðvarfjörð.
19. Strætishornsviti við Breiðdalsvík.
20. Papeyjarviti í Papey.
21. Hvalnessviti við Horn eystra.

B. Smærri vitar.

1. Þjófaklettsviti
 2. Rauðanessviti
 3. Brákareyjarviti
 4. Ólafsvíkurviti undir Jökli.
 5. Vatneyrarviti við Patreksfjörð.
 6. Hólstangaviti í Arnarfjarðardölum.
 7. Bíldudalsviti við Arnarfjörð.
- } í Borgarfirði.

8. Þingeyrarviti við Dýrafjörð.
9. Fjallaskagaviti við Dýrafjörð.
10. Flateyrrarviti við Önundarfjörð.
11. Suðureyrrarviti við Súgandafjörð.
12. Galtarviti í Keflavík milli Súgandafjarðar og Ísafjarðardjúps.
13. Sljettueyrrarviti við Jökulfirði í Ísafjarðardjúpi.
14. Kjørseyrrarvitar við Hrútafjörð (2 leiðarljós).
15. Borðeyrarviti við Hrútafjörð.
16. Blönduóssviti við Húnaflóa.
17. Skagastrandarviti á Skagaströnd.
18. Selnessviti í Skagafirði.
19. Reykjadisksviti í Skagafirði.
20. Sauðárkróksviti í Skagafirði.
21. Hofsóssviti í Skagafirði.
22. Haganessviti hjá Haganessvík.
23. Siglunesstangaviti á Siglunesstanga.
24. Hjalteyrrarviti í Eyjafirði.
25. Svalbarðseyrrarviti í Eyjafirði.
26. Húsavíkurviti við Skjálfandaflóa.
27. Kópaskersviti við Axarfjörð.
28. Bakkafjarðarviti við Bakkafjörð.
29. Borgarfjarðarviti við Borgarfjörð austur.
30. Brekkuviti í Mjóafirði.
31. Stöðvarfjarðarviti í Stöðvarfirði.
32. Breiðdalsvíkurviti við Breiðdalsvík.
33. Þorlákshafnarviti við Þorlákshöfn.
34. Hvalnessviti á Miðnesi.
35. Keflavíkurviti við Faxaflóa.
36. Gerðatangaviti hjá Gerðum í Garði.
37. Stokkseyrrarviti, innsiglingarviti til Stokkseyrar.
38. Berufjarðarviti.

C. Þokulúðrastöðvar.

1. Í Seley eystra.
2. — Papey eystra.
3. Á Reykjanesi við Reykjarfjörð í Strandasýslu.
4. Í Gróttu við Reykjavík.
5. Á Siglunesi við Siglufjörð.

3. gr.

Til byggingar vita þeirra og þokulúðrastöðva, sem talin eru í 2. gr., og til annara mannvirkja, er þar að lúta, heimilast landsstjórninni að taka nægilega stór lán á ábyrgð landssjóðs, er endurgreiðist á 20—30 árum. Vexti og afborganir af láni þessu eða lánnum skal telja með rekstrarkostnaði landsvitanna,

enda falli þeim til þeir vextir, er greiðast kynnu af þeim hluta lánsins, er eigi yrði notaður í svipinn, svo og af vitagjaldi því, er eigi væri notað til rekstrar vitanna.

Vitamálunum skal að öllu haldið utan við landsreikninginn, en reikningar þeirra skulu jafnframt landsreikningunum lagðir fyrir yfirskoðunarmenn landsreikninganna.

4. gr.

Landsstjórninni er heimilt, með ráði vitamálastjórnar og í samráði við Fiskifjelag Íslands og Eimskipafjelag Íslands, að breyta um legu vitanna, eftir því sem hentugra kynni að þykja, en þó svo, að þeir komi þeim svæðum að gagni, sem framantöldum vitum er ætlað að ná til.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1918.

Athugasemdir við frumvarp þetta.

Frumvarp þetta er að mestu samið af vitamálastjóra Th. Krabbe.

Hefir hr. Krabbe hin síðustu árin farið þrásinnis kringum landið og kynt sjer vitastæði víðs vegar með ströndum þess og leitað álits málsmetandi manna um þetta efni. Upp úr þessum athugunum sínum hefir hann svo sett upp samfelt kerfi yfir vitabyggingar þær, er hann telur nauðsynlegar til þess, að strendur landsins geti talist sæmilega vitaðar.

Tillögur sínar hefir svo hr. Krabbe borið undir fiskiþingið, og hefir það fallist á þær í öllum aðalatriðum.

Hr. Krabbe mun þá og hafa farið þess á leit við landsstjórnina, að hún bæri málið fram, en stjórnin mun eigi hafa talið sig hafa nægan tíma til að athuga frumvarpið svo nákvæmlega, að hún sæi sjer fært að leggja það fyrir þingið sem stjórnarfrumvarp.

Þó mun stjórnin hafa verið stefnu frumvarpsins hlynt; að eins verið í vafa um, að vitastæðin væru svo heppilega valin sem frekast væri æskilegt, og mun hafa talið æskilegt, að leitað yrði álits íslensku skipstjóranna, sem allra flestra, áður en vitastæðin væru fast ákveðin.

Svo sem kunnugt er, hafa vitar þeir, er byggðir hafa verið hingað til, verið kostaðir af landsfje, en vitagjaldið hefir aftur runnið í landssjóð. Af þessu hefir leitt, að vitabyggingar hafa gengið óhæfilega seint hjá oss, því að stjórnin hefir eigi árætt að fara fram á fjárframlag úr landssjóði nema til fárra vita á hverju fjárhagstímabili, og hefir vitagjaldið, sem að sjálfsögðu var löglegt til þess að geta á sínum tíma staðið straum af vitum landsins, orðið tekjulind fyrir landsjóð um langan tíma.

Eftir því sem haffærum skipum fjölgar meir hjá oss sjálfum, og siglingar til landsins og frá því aukast, verður vitafæðin sjófarendum tilfínanlegri og þörfin fyrir fleiri vita æ brýnni.

Nú er það einsætt, að landssjóður hefir eigi handbært fje til að leggja fram til nýrra vitabygginga, og er þá eigi annað ráð fyrir hendi en að taka lán til að koma upp sem fyrst þeim vitum, sem nauðsynlegir þykja. Hins vegar þykir rjett, að tekjur þær, er vitarnir gefa af sjer, gangi til vaxta og afborgana af því láni, eða þeim lánum, er til bygginga þeirra ganga, en það er með því einu móti hægt, að fjárhagur vitamálanna sje aðskilinn frá öðrum fjárreiðum landssjóðs, enda virðist ástæðulaust að blanda fjárhag vitanna saman við fjárhag landsins, og leiðir eigi til annars en að seinka byggingu nauðsynlegra vita, þar sem ávalt þarf að leita til þingsins, eins og nú er ástatt, hve nær sem vitamálástjórninni þykir bráð nauðsyn bera til, að nýir vitar sjeu bygðir.

Engin hætta virðist á því, að vitamálin geti eigi borið sig, því að ef svo reyndist, að tekjurnar nægðu eigi til rekstrar vitanna, afborgana og vaxta, mætti hækka vitagjaldið, og mundi eigi þurfa að óttast, að slíkt gjald yrði óvinsælt, er vel væri sjeð fyrir vitum landsins.

Þar sem það gæti orkað tvímælis, hvort vitarnir væru ákvæðnir í frv. á sem allra haganlegustu stöðum, hefir þótt rjett að setja i frumvarpið ákvæði um, að breyta mætti um vitastæði, ef það kæmi i ljós síðar, að annar staður þætti heppilegri.

Vitanlega er eigi fyrir að synja, að eigi geti komið kröfur um vita á enn fleiri stöðum en gert er ráð fyrir i þessu frumvarpi, en þá yrði að sjálfsögðu að koma sjer saman um það við vitamálástjórnina, en svo virðist, að fyrst um sinn megi hlíta við þann vitafjölda, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.